



## **KJÓSARHREPPUR**

***Könnun á viðhorfum íbúanna til  
sameiningarmála***

**Unnið fyrir Kjóсарhrepp**

**Grétar Þór Eypórsson**

---

**febrúar 2005**

---

## **Inngangur**

Að beiðni Kjósarhrepps hefur *Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri* (RHA) unnið könnun meðal allra kosningabærra íbúa í sveitarfélaginu um viðhorf þeirra til sameiningarmála. Kannaður var hugur íbúanna til alls fjögurra sameiningarkosta, auk þess kosts að sameinast alls ekki. Kostirnir voru: Reykjavíkurborg, Mosfellsbær, Bláskógabyggð og hrepparnir sunnan Skarðsheiðar; Leirár- og Melasveit, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur og Innri-Akraneshreppur – en nýverið hafa íbúar þessara hreppa ákveðið að þeir skuli allir sameinast árið 2006.

## **Framkvæmd könnunarinnar**

Könnunin náði til allra sem skráðir voru til heimilis í Kjósarhreppi þann 1. desember 2004 og höfðu náð 18 ára aldri. Alls reyndust það vera 103 einstaklingar og fengust svör frá 78 þeirra. Þannig nýttu 75,7% íbúa í sveitarfélaginu sér það tækifæri sem þeim gafst til að láta í ljós viðhorf sitt til sameiningarmála sveitarfélagsins.

Könnunin var framkvæmd þannig að könnunargögn voru send bréfleiðis þann 26. janúar 2005 til allra kosningabærra íbúa ásamt bréfi þar sem þeim var boðið að taka þátt og svara á pappír og senda svör sín sér að kostnaðarlausu í fyrirfram merktum umslögum til RHA, eða þá að svara á vefnum með því að nota lykilorð sem hverjum og einum var úthlutað. Vefkönnun var lokað þann 8. febrúar, en 2 síðustu svörin bárust í pósti föstudaginn 11. febrúar. Alls svöruðu 32 einstaklingar á vefnum og 46 í pósti.

## Niðurstöður

Í samráði við sameiningarnefndina var ákveðið að spyrja tveggja spurninga; þá fyrri um hver væri vænlegasti kosturinn fyrir Kjósarhrepp í sameiningarmálum og þá seinni um hversu góðir eða ásættanlegir 5 valdir sameiningarkostir væru. Fyrri spurningin var svo:

### 1. Hvern neðantalinna kosta í sameiningarmálum telurðu vænlegastan fyrir Kjósarhrepp? Merktu aðeins við einn valkost!

- Sameining við hreppana sunnan Skarðsheiðar
- Sameining við Mosfellsbæ
- Sameining við Bláskógabyggð
- Sameining við Reykjavíkurborg
- Engin sameining

Tafla 1 sýnir dreifingu svara við fyrri spurningunni. Skýr meirihluti hinna 78 þátttakenda í könnuninni er á þeirri skoðun að engin sameining sé vænlegasti kosturinn.

#### Tafla 1: Hvern neðantalinna kosta í sameiningarmálum telurðu vænlegastan fyrir Kjósarhrepp?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Sem hlutfall af gildum svörum</i>
<i>Hrepparnir sunnan Skarðsheiðar</i>	<i>6</i>	<i>7,7%</i>
<i>Mosfellsbær</i>	<i>1</i>	<i>1,3%</i>
<i>Bláskógabyggð</i>	<i>0</i>	<i>0,0%</i>
<i>Reykjavíkurborg</i>	<i>13</i>	<i>16,7%</i>
<i>Engin sameining</i>	<i>58</i>	<i>74,4%</i>
<i>Samtals:</i>	<i>78</i>	<i>100%</i>

Yfirgnæfandi meirihluti íbúa Kjósarhrepps hafna því hugmynd um sameiningu sveitarfélagsins yfirleitt. Af öðrum valkostum telur um 6. hver þátttakandi að sameining við Reykjavíkurborg sé vænlegasti kosturinn (16,7%). Af öðrum valkostum er það einungis kosturinn að sameinast hreppunum norðan Hvalfjarðar og sunnan Skarðsheiðar sem hefur eitthvert fylgi (7,7%).

Til að fá nánari upplýsingar um viðhorf íbúanna til allra kostanna var spurt annarrar spurningar sem ætlað var að gefa til kynna hversu vel íbúunum hugnaðist hinir tilgreindu sameiningarkostir. Síðari spurningin var orðuð á eftirfarandi hátt:

## 2. Hversu vel eða illa hugnast þér þessir áður nefndu kostir?

Merktu aðeins við einn reit í hverjum lið!

	Góður kostur	Ásættanlegur kostur	Slæmur kostur
a) Sameining við hreppana sunnan Skarðsheiðar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Sameining við Mosfellsbæ	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Sameining við Bláskógabyggð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d) Sameining við Reykjavíkurborg	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e) Engin sameining	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Tafla 2 sýnir dreifingu svara við síðari spurningunni.

	Góður kostur	Ásættanlegur kostur	Slæmur kostur	Fjöldi (N)
<i>Hrepparnir sunnan Skarðsh.</i>	10,4%	22,4%	67,2%	67
<i>Mosfellsbær</i>	6,3%	38,1%	55,6%	63
<i>Bláskógabyggð</i>	0,0%	4,7%	95,3%	64
<i>Reykjavíkurborg</i>	23,1%	32,3%	44,6%	65
<i>Engin sameining</i>	78,7%	18,7%	2,7%	75

Mat íbúa á sameiningarkostum er að langflestir eða tæp 79% telja enga sameiningu góðan kost og hlutfallið verður um 97% þegar lagðir eru saman þeir sem telja kostinn góðan og ásættanlegan. Næstflestir eru hallir undir sameiningu við Reykjavík, en um 23% telja það góðan kost og rösk 55% telja það góðan eða ásættanlega kost. Sameining við hreppana sunnan Skarðsheiðar er næst í röðinni en 10,4% telja hana góðan kost og tæp 33% góðan eða ásættanlegan kost. Alls telja um 6% sameiningu við Mosfellsbæ góðan kost og 44,4% góðan eða ásættanlegan. Lestina rekur kosturinn að sameinast austur um, eða Bláskógabyggð. Það hugnast engum vel en tæp 5% telja það ásættanlegt.

**Samandregið eru meginniðurstöður úr könnuninni þessar:**

- Langflestir íbúar í Kjósarhreppi vilja enga sameiningu.
- Verði sameinað á annað borð stendur vilji flestra til sameiningar við Reykjavíkurborg.
- Vilji næstflestra stendur til sameiningar við hreppana sunnan Skarðsheiðar, eða þá við Mosfellsbæ. Fleiri telja hreppana sunnan Skarðsheiðar góðan kost, en þegar lagt er saman góður og ásættanlegur kostur hefur Mosfellsbær vinninginn með 44,4% á móti 32,8%.